

Draumur um samfélag

Sigursteinn Másson skrifar í tilefni af 70 ára afmæli Tryggingastofnunar ríkisins

BJARTSÝNISMENN eru stundum kallaðir draumóramenn vegna þess að þeir eiga það til að hverfa frá raunveruleikanum og inn í fagurbleikar hillingar. Þegar fyrsti snjórinn fellur í Esjuna standa þeir upp á ták og hrópa: "sjáið fegurðina" á meðan raunsæismennirnir blóta í hljóði og hugsa að nú sé komið að því að skafa af helvítis bílnum. Þegar ég flokka mig með fyrrnefnda hópnum líður mér betur. Þá trúi ég að árangur náist þrátt fyrir alls kyns hindranir. Í því hugarástandi dreymir mig um samfélag. Samfélag þar sem hindrunum fátæktar og fötlunar hefur markvisst verið rutt úr vegi. Þar sem fólk er ekki aðallega fötlun eða sjúkdómur heldur einstaklingar með margvíslega færni og möguleika á að njóta lífsgæða. Möguleika til jafns á við ófatlaða. Hvað þurfum við þá að gera til að komast inn í slíkt draumaland og hvað tekur það langan tíma?

Í bjartsýniskastinu hugsa ég til ársins 2012. Þá vona ég að stofnanir utan um búsetu fatlaðra heyri að mestu sögunni til. Húsnæðismálin verða þá þannig að fatlaðir hljóta fyrirgreiðslu til að leigja eða kaupa húsnæði á almennum markaði eins og aðrir en stór húsnæðiskerfi utan um fólk með fötlun eru þá verkefni sagnfræðinga að fást við. Byggingareglugerðir og lög um nýbyggingar hafa verið endurskoðuð og ekki eru lengur reist hús eða gangstéttir lagðar öðruvísi en ströngustu kröfur séu gerðar um aðgengi fyrir alla. Sumir stjórn mála- og embættismenn munu ekki taka almennilega við sér fyrir en þeir átta sig á því að þeir eru sjálfir hluti af þessum sama draumi sem getur hæglega snúist í martröð. Þeir verða líka aldraðir og kannski sjúkir og fatlaðir og vilja fá að búa heima hjá sér sem lengst.

Starfssvið og vettvangur liðveitenda verður gjörbreyttur. Þjónustan verður algjörlega einstaklingsmiðuð út frá þörfum hvers og eins sem á rétt á henni. Fólk með sjálfstætt vinnuþátttaka mun taka atvinnuviðtölin og hafa úrslitaáhrif á það hverjir vinna með því á heimili, vinnustað, í félagslífi og annars staðar sem hinn fatlaði kys að fara. Einkaaðilar munu koma að liðveislumálunum þar sem það á við og hópur fólks á aldrinum 20-30 ára mun sjá í henni spennandi atvinnutækifæri og sveigjanlegan vinnutíma. Í stað þess að Ísland sé í hópi þeirra OECD ríkja sem illa standa að málefnum fatlaðra þá munum við árið 2012 vera til fyrirmyndar meðal OECD-ríkja og reyndar í öllum heiminum

Já, Ísland hefur einstakt tækifæri til að hrista slyðruorðið af sér. Það er ekki aðeins tækifæri heldur hrein skylda okkar. Atvinnuleysi er minnst á Íslandi og meiri möguleikar á að skapa sveigjanlegan vinnumarkað og verður atvinnuþátttaka fatlaðra ekki lengur með því minnsta sem þekktist í samanburðarlöndum okkar heldur sú langmesta. Með nýju fyrirkomulagi almannatrygginga og lífeyristrygginga og samvinnu samtaka fatlaðra, verkalýðshreyfingar, Samtaka atvinnulífsins, lífeyrissjóða og stjórnvalda verður sannkölluð lífsgæðabylting hjá fötludum og sjúkum á Íslandi. Þá verður búið að leggja af núverandi skipan lífeyristrygginga og fólk mun furða sig á því óskiljanlega tekjutengingarkerfi sem var hér einu sinni við lýði. Það mun valda sérfræðingum heilabrotum hvernig það gat gerst í upplýstu samfélagi að almannatryggingakerfið þróaðist út þann frumskóg skerðinga sem raun bar vitni, öllum til ógagns. Nýtt fyrirkomulag almannatrygginga er auðskiljanlegt hverju sex ára barni eins og það á auðvitað að vera.

Þess er gætt í nýju þjónustudrífnu kerfi í upphafi annars áratugar aldarinnar að framfærsla einstaklinga fari aldrei niður fyrir framfærsluviðmið það sem Hagstofan gefur reglulega út.

Fátækt fatlaðra heyrir sögunni til. Engu að síður vekur það athygli hve mikill þjóðhagslegur ávinningur og sparnaður er af breytingunni þar sem virkni, samfélagsþátttaka með atvinnuþátttökuna sem þungamiðju reynist vera ein mikilsverðasta endurhæfingin í sjálfu sér.

Kerfin eru ekki lengur fasti heldur hreyfanleg og sveigjanleg. "Þetta snýst um fólk" er nú viðkvæðið og gamla slagorð Evrópusamtaka fatlaðra: "Eitt samfélag fyrir alla" er ekki lengur bara slagorð heldur raunveruleiki. Samfélagið, atvinnulífið og skólarnir geta nú ekki hugsað sér tilveruna án þátttöku fatlaðra.

Fordómar víkja fyrir jákvæðri hugsun, sjálfsvorkunn fyrir áhuga á aðstæðum annars fólks. Það skilar sér svo í nýju samfélagsmunstri umburðarlyndis og umhyggju.

Rétt eins og múrar aðskilnaðar svartra og hvítra voru brotnir niður á sjöunda áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum eru múrar milli öryrkja og annarra á bak og burt hér. Tákmyndirnar eru ekki lengur til staðar, aðeins erfiðar minningar um ótta, fátækt og niðurlægingu, ástand sem var hlutskipti margra fram á fyrstu ár nýrrar aldar en er ekki lengur og má aldrei verða aftur. Það er hlutverk okkar allra að dreyma.

Öryrkjabandalag Íslands óskar starfsfólki og stjórn Tryggingastofnunar ríkisins hjartanlega til hamingju með 70 ára afmælið.

Höfundur er formaður ÖBÍ.